

Hólmavík 11. desember 2023

Stjórnsýslukæra

Kærandi :

Jón Gísli Jónsson, Kópnesbraut 21 510 Hólmavík, kt 190566-3829

[jongisli@gmail.com](mailto:jongisli@gmail.com) sími 6617061

Sveitarfélagið Strandabyggð, vegna opinberra innkaupa

Kærð er sú ákvörðun að ganga til samninga við Litla Klett um endurgerð Leikskólalóðar fyrir allt að 15 milljónir á árinu 2023 og jafnframt að gengið verði til samninga um þá verkþætti sem eftir verða. Ákvörðunin var tekin á sveitarstjórnarfundi no 1350 í Strandabyggð 12.09.2023, liður 5 í fundargerð.

Þess er krafist að ákvörðunin verði dregin til baka, samningum rift hafi þeir verið gerðir og verkið auglýst aftur samkvæmt gildandi reglum og lögum.

Á heimasíðu sveitarfélagsins Strandabyggðar var 15. maí 2023 auglýst eftir verðhugmyndum í vinnu við endurgerð leikskólalóðar og átti að skila verðhugmynd 22. maí 2023. Fresturinn var svo framlengdur til 24. maí 2023. Þegar gögn vegna verkefnisins komu til okkar þá voru þau algjörlega ófullnægjandi, 2 mismunandi sniðmyndir og yfirlitsmynd þar sem svæðið sem átti að vinna náði út fyrir núverandi lóðamörk. Þegar óskað var eftir frekari gögnum kom einhverskonar verklýsing sem passaði alls ekki við þær teikningar sem áður höfðu verið sendar. Við frekari ítrekanir um gögn var boðið upp á viðræður um verkefnið á fundi sem eðlilega fór ekki fram enda á svoleiðis gjörningur sér engan stað í t.d. innkaupareglum sveitarfélagsins. Það var eins og forsvarsmáður sveitarfélagsins hefði enga hugmynd um hvað þyrfti til svo að hægt væri að gefa verðhugmynd (sem breyttist seinna í ferlinu í tilboð), og hefði heldur ekki kynnt sér eða ekki skilið innkaupareglur sveitarfélagsins né lög um opinber útboð (sjá meðfylgjandi tölvupóstsamskipti).

Á fundi sveitarstjórnar no 1350 liður 5, þann 12.09.2023, er tekið fyrir og samþykkt að semja við Litla Klett um endurgerð leikskólalóðar. Þá virðist við lestur á fundargerð eins og frekari gögn s.s. magnskrá vegna verkefnisins hafi þá legið fyrir til grundvallar þess að Litli klettur gat gert tilboð í verkið, en löngu eftir að frestur til að skila verðhugmyndum rann út. Þessi gögn fengust ekki hjá forsvarsmanni sveitarfélagsins þegar það auglýsti verkið í byrjun, svo að um augljósa mismunun er að ræða.

Kæruefnið hefur ekki verið lagt fyrir önnur stjórnvöld og verður ekki gert.

#### Fylgigögn:

1. Auglýst eftir verðhugmynd í Leikskólalóð og framlenging skilafrestar (2 skjöl)
2. Gögn, teikningar og verklýsing (4 skjöl í möppu)
3. Tölvupóstsamskipti Trésmiðjunnar Höfða og Strandabyggðar, 15 tölvupóstar, settir í tímaröð
4. Fundargerð 1350, frá 12. sept. 2023 (liður 5).  
[http://www.strandabyggd.is/stjornsysla/sveitastjorn/Sveitarstjornarfundur\\_nr\\_1350\\_i\\_Strandabyggd\\_12092023/](http://www.strandabyggd.is/stjornsysla/sveitastjorn/Sveitarstjornarfundur_nr_1350_i_Strandabyggd_12092023/)
5. Tengill á útsendingu frá sveitarstjórnarfundi 1350: [https://www.youtube.com/live/-ric0ZfPDak?si=2i\\_JLiQOoE-JgQsk](https://www.youtube.com/live/-ric0ZfPDak?si=2i_JLiQOoE-JgQsk)

Í aðdraganda síðustu kosninga var því m.a. lofað af núverandi meirihluta sveitarfélagsins að allar verklegar framkvæmdir yrðu boðnar út eða gerðar verðkannanir. Fljótt kom þó í ljós að ekki var mikil innistæða fyrir þessu loforði, þó nokkrar frekar aumkunarverðar tilraunir hafa þó verið gerðar til að fá verðhugmyndir eða tilboð í hin ýmsu verkefni, en skilningur á framkvæmd útboða, verðkannana, verðfyrirspurna, verðhugmynda (sem forsvarsmaður sveitarfélagsins virðist halda að sé allt sama hugtakið) sýnist vera í algjöru lágmarki og ekki í samræmi við reglur og lög. Niðurstöður úr þessum verðhugmyndasamkeppnum eru aldrei lagðar fyrir sveitarstjórn til ákvörðunar, aldrei er birt hverjir bjóða í verkefni eða hvaða upphæðir. Gögn hafa verið fátækleg og allur undirbúningur verkefna sýnist flauturslega unninn. Þó má merkja töluverðan vilja til að semja ekki við eða fá tilboð frá fyrirtækjum sem starfa í sveitarfélaginu (ég veit um fjóra aðila hér á svæðinu sem óskuðu eftir gögnum vegna leikskólalóðarinnar), sem er merkilegt í ljósi þess að atvinnulíf í Strandabyggð hefur orðið fyrir þó nokkrum áföllum á síðustu misserum.

Óskað er eftir að ráðuneytið hefji frumkvæðisrannsókn á opinberum innkaupum Strandabyggðar á núverandi kjörtímabili og sjái í framhaldi til þess að hér eftir verði farið að gildandi reglum og lögum.

Hólmavík 11. desember 2023,

Jón Ljós Jónsson

Stjórnarformaður

Trésmidjan Höfði